

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

#### I. KAFLI

#### **Rekstrar- og aksturskostnaður.**

##### 1. gr.

■ Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir. Þar sem íbúar eru:

a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.

b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.

c. 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

□ Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. 39.087 á ári.

Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

□ Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

##### 2. gr.

■ Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

##### 3. gr.

■ Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukaþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

##### 4. gr.

■ Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

□ Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

## II. KAFLI

### Annar rekstrarkostnaður.

#### 5. gr.

■ Leggja skal prestum til hennu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

#### 6. gr.

■ Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

#### 7. gr.

■ Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

#### 8. gr.

■ Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

## III. KAFLI

### Gildistaka.

#### 9. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 316/2020, með síðari breytingum.

#### Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir að starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, haldi gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021. Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að tryggja það að áfram verði í gildi starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Starfsreglurnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2020 – 2021 í septembermánuði 2020. Þeim var breytt á kirkjuþingi í marsmánuði 2021 og aftur á aukakirkjuþingi í júnímánuði 2021. Tillögur þessar eru samhljóða núgildandi

starfsreglum með áorðnum breytingum. Einungis smávægilegar breytingar eru gerðar og eru þær sem hér segir:

Í framangreindum breytingum á starfsreglunum sem gerðar voru á aukakirkjuþinginu 2021 var 3. gr. felld brott. Því verður núgildandi 4. gr. að 3. gr. og svo koll af kolli.

Gildistökuákvæðið breytist og er vísað til nýrra laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 í stað eldri laga.

Þar sem ekki er um eiginlegar efnisbreytingar á starfsreglunum að ræða þykir ekki þörf á skýringum við einstakar greinar. Rétt þykir að minna á að kirkjuþing 2020 – 2021 samþykkti, í 42. máli að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Í greinargerð með því máli kemur fram að stefnt sé að því að heildstæð endurskoðun fari fram á fyrirkomulagi á greiðslum starfskostnaðar og miðað sé við að innleiðing á nýju kerfi verði frá og með 1. janúar 2023.